

**120** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir bræðrasjóðinn í Ólafsvík, útgefin 21. júlí á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 21. júlí 1908. Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Bræðrasjóðinn í Ólafsvík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af 1000 — eitt þúsund — króna gjöf hjónanna síra Helga Árnasonar og Mariu Torfadóttur (f. Thorgrimsen) til minningar um syni þeirra Sigurð Ingólf, f. 10. desember 1893, og Torfa Jørgen Thorgrimsen, f. 11. ágúst 1897, er báðir voru lagðir í sömu gröf 13. júní 1904.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann ávaxtast þangað til hann er orðinn 2500 — tvö þúsund og fimm hundruð — krónur.

3. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð nefndri upphæð, má árlega verja  $\frac{3}{4}$  af vöxtum hans til að styrkja fátæka en efnilega unglíngi í Nesþingaprestakalli til að afla sér meiri menningar og frekari fræðslu en barnaskólarnir í nefndu prestakalli geta látið í té.  $\frac{1}{4}$  vaxtanna legst árlega við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Skal sóknarpresturinn í Nesþingum vera formaður stjórnarinnar, en tvo stjórnarmennina kys hreppsnefndin í Nesþreppi innan Ennis á 1. ársfundi sínum annaðhvort ár til tveggja ára.

Stjórnin hefir á hendi umsjón sjóðsins, veitir styrk úr honum og semur árlega reikning hans, er birtur skal á prenti að minsta kosti 5. hvert ár.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxtaður í sparissjóði Ólafsvíkur; þó má stjórn sjóðsins, ef þörf þykir, gera aðra ráðstöfum um ávöxtun hans, sem þá ekki má vera ótryggilegri.

6. gr.

120  
21. júlí

A skipulagsskrá þessa skal leita konunglegrar staðfestingar.

Ólafsvík, 7. júlí 1908.

*Helgi Arnason.*

*María Torfadóttir.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Magnúsar úrsmiðs Jónssonar til eflingar iðnaði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 21. september 1910. **121**

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð Magnúsar úrsmiðs Jónssonar til eflingar iðnaði.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður af dánargjöf Magnúsar úrsmiðs Jónssonar, með arfleiðsluskrá, dags. 23. júní 1905, skal heita:

» Gjafasjóður Magnúsar Jónssonar til eflingar iðnaði«.

2. gr.

Dánargjöfin, að upphæð 2000 krónur, var á skiftafundi þann 23. marz 1907 afhent Iðnaðarmannafélagi Akureyrar í peningum og skuldabréfi með fasteignartryggingu.

3. gr.

Iðnaðarmannafélag Akureyrar skal ávalt hafa stjórn sjóðsins á hendi. Fjárframlög af sjóðnum, samkvæmt 5. grein, verður að samþykkja á tveim lögmetum fundum í Iðnaðarmannafélagi Akureyrar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstólinn skal árlega leggja